

## Fundargerð

*Íþróttta- og tómstundanefnd Langanesbyggðar kom saman í Veri þann 7. mars 2007, kl.17:00.*

Mætt voru: Árni Davíð Haraldsson, Oddur Skúlason, Linda Pehrson, Björn Ingimarsson, Víðir Hermannsson, Sóley Vífilsdóttir og Ragnar Már Sigfússon.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

### 1.Mál. Skipulagning sumarsins.

Vinnuskólinn, ýmsar hugmyndir ræddar varðandi þá starfsemi. Vinnuskólinn er starfandi frá byrjun júní til loka júlí. Skólagarðar, smíðavöllur, hugmynd um að virkja yngsta og miðstig í þeim málum. Leikjanámskeið. Heyra í ungmennafélaginu varðandi dagskrá þess yfir sumarið. Hugmynd um að einhver nefndarmaður, Sóley taki að sér að athuga um skólagarð. Oddur ætlar að tala við Björgvin Þóroddsson um að koma á fót smíðavelli. Reiðnámskeið, hestamannafélagið kæmi til með að taka það í sínar hendur. Víðir ætlar að kanna jarðveginn á Bakkafirði um ofangreind mál. Ákveðið að koma að í fréttabréfi í byrjun maí dagskrá sumarsins þ.e. hvað verði á döfinni fyrir börn á grunnskólaaldri á svæðinu.

### 2. Mál. Kátir dagar.

Ungmennafélagið sem staðið hefur að framkvæmd hátíðarinnar undanfarin ár hefur ekki áhuga á að taka þetta að sér í ár. Hugmynd er að fá félagasamtök á svæðinu til að koma að undirbúningi og skipulagningu Káttra daga og myndu þau þá njóta afraksturs þeirra í sambandi við framlag þeirra að hátíðinni. hugmynd að Langanesmaraboni þar sem Atvinnuþróunarfélagið styrkti framkvæmdina. Ákveðið að setja á heimasíðuna dagsetningu Káttra daga, ( 3. helgina í júlí ,20 – 22. júlí ) og hvetja fólk til að koma með hugmyndir að uppákomum. Oddur ætlar að kalla saman formenn félagsamtaka varðandi skipulagningu og framkvæmd Káttra daga. Reyna á að virkja unglिंगana á svæðinu til að koma að undirbúningi.

### 3. Mál. Eggjahátíð.

Hugmynd um að helga einum degi eða helgi af bjargtímanum, jafnvel í tengslum við ferðaþjónustu aðila á svæðinu auk Eyrarinnar. Linda tekur að sér að tala við viðeigandi aðila. Ákveðið að slá saman sjómannadeginum og eggjahátíðinni , 2. júní sem endar síðan með geðveiku balli í Þórsveri.

### Eftirfylgni.

Handboltahelgi ákveðin með þjálfara 17. og 18 mars. flugukastkennsla í höndum Guðna Haukssonar. Badmintonkennslu frestað til hausts. Vatnsleikfimi er í gangi í höndum Ragnars Skúlasonar.Hann er einnig til í að taka að sér líkamsræktarkennslu. Hugmynd um að setja fastan tíma fyrir eldri borgara. Íþróttadagur fjölskyldunnar er í vinnslu. Linda og Hjördís eru að tala sig saman um að koma á íþróttaskóla með haustinu. Rakamálin. Oddur er til í að setja í gang en leyfi vantar frá hönnuðinum en til þess þarf hann að koma á staðinn. Félagsmiðstöðin er í föstum skorðum, búið er að stofna hina ýmsu klúbba, s.s. leiklistarklúbb, tónlistarklúbb, matarklúbb. Nokkur umræða var um ljósabekkin í húsinu hvort starfrækja skyldi hann áfram í skjóli þeirrar umræðna og rannsókna sem verið hafa í þjóðfélaginu. Engin ákvörðun tekin.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:35.

Árni Davíð Haraldsson, ritari.